

Arion banki hf. Borgartúni 19, 105 Reykjavík, kt. 581008-0150 (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“) er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarfulltrúi Arion banka (personuvernd@arionbanki.is) hefur það hlutverk að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptavinur bankanum fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um fjárhagsleg málefni viðskiptavinar hjá hvaða öðrum aðila en bankanum sem er. Jafnframt veitir viðskiptavinur bankanum heimild til eftirfarandi aðgerða og samþykkir að bankinn muni afla upplýsinga og nýta þær eins og hér greinir.

1. Til þess að kalla eftir upplýsingum frá Skattinum úr staðgreiðsluskrá, auk þess að sækja álagningarseðla og skattframtöl.
2. Til að kalla eftir upplýsingum frá fjárhagsupplýsingastofu (svo sem Creditinfo) um fjárhagsskuldbindingar viðskiptavinar, s.s. fjárhæðir og tegundir skuldbindinga, lánveitanda þeirra og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum eða vanskilum. Undir þetta fellur m.a. upplýsingar frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo, sem skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar, s.s. fjárhæð og tegund skuldbindinga, lánveitanda og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum/vanskilum.
3. Til að kalla eftir upplýsingum frá fjárhagsupplýsingastofu (svo sem Creditinfo) um lánshæfismat viðskiptavinar hjá fjárhagsupplýsingastofu og jafnframt vakta breytingar á lánshæfismati. Lánshæfismat spáir fyrir um líkur á vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem fjárhagsupplýsingastofa safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats. Vöktun á breytingum á lánshæfismati felst í því að bankinn er látinn vita ef breyting verður á skýrslu um lánshæfi viðskiptavinar hjá fjárhagsupplýsingastofu.
4. Til að kalla eftir upplýsingum um eignastöðu viðskiptavinar, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, sem miðlað er af fjárhagsupplýsingastofu (svo sem Creditinfo) eða eru til í gagnagrunnum bankans og sóttar hafa verið í gagnagrunna Fasteignaskrár og Samgöngustofu (Umferðarstofu) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018.
5. Arion banki mun nýta, vinna og afla þeirra upplýsinga er samþykki þetta tekur til, svo hann geti framkvæmt lánshæfis- og greiðslumat, hafi verið óskað eftir slíku, tekið ákvörðun um lánveitingu, boðið kjör bankaviðskipta, ákveðið heimild kreditkorts og við eftirlit í tengslum við lánaviðskipti á meðan viðskiptasambandi stendur.
6. Arion banki mun nýta, vinna og afla þeirra upplýsinga sem samþykki þetta tekur til svo unnt sé að reikna út þá lánsfjárhæð sem viðskiptavinur getur hverju sinni óskað eftir í aðdraganda að sjálfvirkri ákvarðanatöku, svo sem í formi yfirdráttar, greiðslukorts eða núláns. Fjárhæðin er meðal annars reiknuð út á grundvelli lánshæfismats bankans, tekjum á reikningum viðskiptavinar hjá bankanum og upplýsingum um eignastöðu viðskiptavinar, sem sóttar hafa verið í gagnagrunna samkvæmt framangreindu. Viðskiptavinur getur hvenær sem er óskað eftir því að fjárhæðin sé ekki reiknuð út.
7. Í þeim tilfellum þar sem bankinn framkvæmir greiðslumat vegna lántöku eða breytingu á fyrirgreiðslu veitir samþykki þetta Arion banka heimild til að framkvæma greiðslumat á viðskiptavini í gegnum Greiðslumatskerfi fjárhagsupplýsingastofu (svo sem Creditinfo). Til að framkvæma greiðslumatið er Arion banka heimilt að skrá öll þau gögn í kerfið sem afhent eru bankanum, bankinn hefur að geyma og skipta máli við framkvæmd greiðslumatsins eða aflað er á grundvelli samþykkis þessa.

Arion banki ábyrgist að öll notkun og meðferð þeirra upplýsinga sem bankinn aflar á grunni samþykkis þessa sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Arion banki kann að hafa lögmæta hagsmuni af vinnslu tiltekinna fjárhagsupplýsinga sem verða til hjá bankanum en bankinn notar slíkar upplýsingar m.a. til að hafa eftirlit með útlánum og til þess að stýra áhættu. Hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá Arion banka vísar bankinn til persónuverndaryfirlýsingar sinnar en hana má finna á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Er þar með nánari hætti fjallað um vinnslu persónuupplýsinga hjá bankanum. Vakni spurningar um vinnslu bankans á persónuupplýsingum er tekið við slíkum fyrirspurnum á netfangið personuvernd@arionbanki.is.

Viðskiptavinur getur afturkallað samþykki þetta hvenær sem er og tekur þá slík afturköllun gildi eftir að Arion banki hefur sannanlega mótttekið afturköllunina. Samþykkið fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Arion banki heimild til að sækja og nota framangreindar upplýsingar og úr gagnagrunnum sínum sem samþykki þetta tekur til, að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykki þessu.